

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-139/R.K.
08.10.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum –Matsskyldufyrirspurn. Afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Umsögn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Síldarvinnslan hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að auka framleiðslugetu fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar úr 1.400 tonnum/sólarhring í 2.000 tonn/sólarhring sem jafngildir 600 tonna framleiðsluaukningu auk þess að bæta við annarri minni verksmiðju, á norðausturhorni lóðarinnar, með afkastagetu uppá 380 tonn/sólarhring. Þar með væri heildar umfang framleiðslu rekstraraðila yrði því 2.380 tonn/sólarhring þ.e. afkastaraukning upp á 980 tonn/sólarhring. Stækkun húsnæðis verður um 2.000 m². Breyta þarf deiliskipulagi við stækkun bygginga.

Ástæða áforma um stækkun er fyrst og fremst sú að farmstærð uppsjávarfiskiskipa fer stækkandi og þörf á að taka á móti meira hráefni á sem skemmstum tíma til að viðhalda ferskleika skv. greinargerð matsskyldufyrirspurnar (bls. 2). Ráðgert er að taka við afskurði og öðrum ónýttum afurðum fisksins til framleiðslu á mjöli og lýsi. Stefnt er á að keyra framleiðsluna samfellt og taka hráefnið sem ferskast til vinnslu sem Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt m.t.t. mengunarvarna.

Umhverfisstofnun bendir á að aukning í umfangi starfsemi krefst þess að rekstraraðili sæki um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar.

Þann 15. október 2018 auglýsti Umhverfisstofnun á vefsíðu sinni umsókn Síldarvinnslunnar á breytingu á starfsleyfi. Er sótt um að breyta leyfi á þann hátt að miðað sé við gildi losunarmarka í grein 2.9 ef keyrslutími olíubrennara er undir 3% af heildarkeyrslutíma verksmiðjunnar. Jafnframt er óskað eftir því að mæling ryks í olíubrennara falli niður sé keyrslutíminn undir þessum mörkum. Ekki er fjallað um framleiðsluaukningu í þeirri umsókn líkt og hér liggur fyrir.

Fram kemur í greinargerð að umfjöllun um breytingar á framleiðslu eigi einungis við um afkastaaukningu núverandi verksmiðju (úr 1.400 tonn/sólarhring í 2.000 tonn/sólarhring) en ekki vinnsluferli minni verksmiðjunnar en að það sé sambærilegt (bls. 3). Umhverfisstofnun telur að þegar fjalla á um möguleg umhverfisáhrif við stækkun verksmiðju beri rekstraraðila að fjalla um alla afkastaaukninguna í tillögu að matsáætlun.

Umhverfisáhrif

Megin umhverfisþættirnir sem verða fyrir áhrifum skv. greinargerð eru; landnotkun, ásýnd, loft (lykt) og sjór (viðtaki frárennslis) og hefur Umhverfisstofnun farið yfir og metið áhrif framleiðsluaukningar á þessa megin umhverfisþætti eins og henni er lýst í greinargerð.

Almennt er heppilegt að afkastageta fiskimjölsverksmiðja sé sem mest því það getur orðið til þess að halda hráefni fersku og er því mengunarvörn í sjálfu sér. Umhverfisstofnun vill hins vegar brýna fyrir rekstraraðilum að afkastageta frárennslis og lyktreyðingarbúnaðar þarf að haldast í hendur við afkastagetu verksmiðjunnar. Því miður eru dæmi um að ekki hafi verið hugað nægilega að þessum þætti.

Vegna hagræðingar við ræsingu verksmiðjunnar er áætlað að heildarorkunotkun á hvert hráefnistonn minnki um 10-15% vegna orkusparnaðar sem verður við ræsingu á minni einingu fyrir minni afköst daglega. Tekur minni einingin aðallega við afskurði frá uppsjávarvinnslu, milli 100-380 tonn/sólarhring. Bent er á að á bls. 7 í greinargerð er eining afkastanna tonn/klst en í starfsleyfi og annarsstaðar í greinargerð er talað um tonn/sólarhring. Stofnunin gengur út frá því að hér sé innsláttarvilla og að rétt sé tonn/sólarhring.

Olían er í dag og verður áfram aðeins notuð sem varaafli skv. greinargerð. Bent er á að meðferð olíu á svæðinu skal vera skv. reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.

Fjallað er um bestu aðgengilegu tækni (BAT) í greinargerð eða best available techniques (BREF, 2005) og bendir Umhverfisstofnun á að vísað er í BAT í gildandi starfsleyfi rekstraraðila.

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfum fiskmjölsverksmiðja eru nú ákvæði um að ryk í útblæstri olíubrennara skuli vera undir 100 mg/m^3 við staðalaðstæður (mg/Nm^3) og 3% súrefni í útblæstri. Í þessu samhengi bendir stofnunin einnig á svar sitt, dags. 12. desember 2017, við greinargerð frá félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, um að 6-9% súrefni í útblæstri gæti talist eðlilegt. Einnig er tiltekið að útblásturshraði skuli vera yfir 15 m/s.

Lykt (loft)

Fram kemur í greinargerð að lykt frá verksmiðjunni verður lágörkuð eins og kostur er með viðurkenndum aðferðum sem uppfylla kröfur auk þess sem ætlunin sé að bæta við lyktareyðingarbúnaði eftir þörfum við framleiðsluaukninguna. Ætti lyktin því að vera minni en hún er í dag þegar á heildina er litið vegna vinnslu á ferskara hráefni sem Umhverfisstofnun telur jákvætt. Afsog er á öllum helstu einingum blautvinnslu auk þess sem nýir gufupurrkarar vera tengdir inn á núverandi og nýjan lyktareyðingarbúnað.

Ráðgert er að reisa nýjan hærri reykháf með einni loftrás sem losar hluta lofts hærra upp og tryggir þar með betri útþynningu. Gert er ráð fyrir því að losun lyktarefna verði óbreytt.

Engar kvartanir vegna lyktarmengunar frá starfseminni hafa borist skv. eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar.

Frárennsli (sjór)

Núverandi fráveitu frá verksmiðjunni skv. greinargerð er þannig hagað að frárennslisvatn frá löndunarhúsi, plani umhverfis hráefnisgeyma og af gólfi verkmiðjunnar er leitt í fitu- og þurrefnisgildir, áður en það er leitt til sjávar með núverandi útrás sveitarfélagsins í Norðfirði (bls. 6). Telst núverandi fitugildra fullnægjandi að mati rekstraraðila og verður aðstaða frárennslis við hráefnisgeyma og plananna í kring óbreytt. Fyrirhugaðar eru miklar breytingar á útrásum sveitarfélagsins og mun tilhögun frárennslismála verksmiðjunnar vera í samráði við sveitarfélagið skv. greinargerð. Magn frárennslis mun aukast lítillega nema hlutfallsleg aukning í losun á þéttivatni sem er leitt beint í útrás en það hefur lítil áhrif á heildarlosunina. Fráveita starfseminnar verður að mestu hagað með óbreyttum hætti.

Viðtaki frárennslis er Norðfjörður og er opið ölduhrif á svæðinu og er fjörðurinn ekki talið vera í hættu/viðkvæmur þó ekki sé búið að meta og flokka hann formlega líkt og kveðið er á um í 11. gr. laga um stjórnmálum vatnamála nr. 36/2011 en sú vinna stendur yfir.

Hráefnisgæði/markgildi TVN

Aukin gæði hráefnis draga úr lyktarmengun frá starfseminni og er það mælt sem TVN-gildi. Skilyrði í gildandi starfsleyfi er að gildi TVN skal ekki fara upp fyrir 100mg N/100g skv. BAT (2005). Mikilvægt er að tryggja að hráefni sem tekið er til vinnslu uppfylli áfram þessi skilyrði starfsleyfis. Umhverfisstofnun telur líklegt að með stækkun starfseminnar verði minni líkur á að farið verði yfir TVN mörk þar sem hráefni verður unnið ferskara en áður.

Hávaði og ásynd

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð um að áhrif stækkunar verksmiðjunnar á landnotkun og ásynd lands, með tilliti til núverandi landnotkunar, séu óveruleg. Stofnunin minnir þó á að við gerð nýs starfsleyfis vegna framleiðsluaukningarinnar verður litið til þess að mannvirki séu í samræmi við deiliskipulag og að vinnsla við að breyta deiliskipulagi sé hafin ef þess er þörf. Ekki hafa borist kvartanir vegna hávaða frá starfseminni síðustu ár og er ekki gert ráð fyrir því að framleiðsluaukning auki hávaða frá starfseminni umtalsvert.

Frávik starfseminnar

Frávik hafa komið upp í starfseminni á síðustu árum. Frávik í eftirliti dags. 11. september 2015 voru þau að ryk í útblæstri beggja olúkatlanna á Norðfirði var yfir þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.9 og ústreymisbókhaldi hafði ekki verið skilað vegna ársins 2014. Frávik í eftirliti dags. 5. desember 2016 voru þau að hraði útblásturslofts frá skorsteini er lægri en 20 m/s. Skráð voru fjögur frávik í síðast í eftirliti 28. september 2017. Þau voru að ekki hafði verið endurtekin mæling á hraða útblásturslofts og ryks í



útblastri frá olíubrennurum, að tvívegis hafi magn reikulla basa í hráefni (TVN gildi) mælst yfir mörkum og það ekki tilkynnt eftirlitsaðila og að heildarúttekt á losun mengandi efna hefur ekki verið framkvæmd en niðurstöðum hennar átti að skila fyrir 1. maí 2016.

Umhverfisstofnun telur að frávik í starfsemi sé rekstraraðila ekki til framdráttar við matsskyldufyrirspurn afkastaukningar verksmiðjunnar en tekið hefur verið á ofangreindum frávikum starfseminnar skv. eftirlitsskýrslu 2018 [eftirlit var framkvæmt dags. 8. nóvember 2018 en ekki er búið að birta skýrsluna opinberlega þegar umsögnin er skrifuð] og eru mengunarvarnir verksmiðjunnar skv. skilyrðum.

Niðurstaða

Skv. greinargerð verður með stækkun hægt að vinna fyrr með ferskara hráefni sem veldur minni lykt auk þess sem lyktareyðingarbúnaður verður uppfærður eftir þörfum og byggður verður hærri reykháfur sem veitir betri útpynningu. Ekki hafa borist kvartanir á síðustu árum vegna núverandi starfsemi rekstraraðila skv. eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar en eftirlit með rekstrinum er framkvæmt af heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST). Umhverfisstofnun telur því áhrif framleiðslu-aukningar á loftgæði á svæðinu ekki líklega til að vera umtalsverða.

Frárennsli frá starfseminni mun aukast skv. greinargerð en hingað til hafa efni frá verksmiðjunni mælst undir mörkum hvað varðar fitu, COD (efnafræðilega súrefnisþörf e. chemical oxygen demand) og svifefni í frárennsli. Gert er ráð fyrir að koma fyrir nýjum lögnum og nýrri útrás frá verksmiðju við stækkun. Þá má búast við því að lögnum fækki sem einfaldar sýnatöku og hugsanlega verður komið fyrir sjálfvirkum sýnatökubúnaði við útrásina. Umhverfisstofnun bendir á að frárennsli frá verksmiðjunni skal standast kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin telur að stækkun verksmiðjunnar sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á viðtaka ef afkastageta frárennslis og lyktheyðingarbúnaðar er í samræmi við aukið umfang framleiðslu.


Svæðið sem um ræðir er skilgreint iðnaðarsvæði og eru engar skráðar náttúruminjar á svæðinu.

Með vísan til þess sem að framan segir og á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir um framleiðsluaukningu rekstraraðila telur Umhverfisstofnun að ofangreind framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve tafist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur


Sigurður Ingason
Sérfræðingur